

Nemar í grunnnámi iðngreina, haustönn 2023 til haustannar 2025

	Haustönn 2023	Vorönn 2024	Haustönn 2024	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Grunnnám bíliðna	99	78	101	68	60
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	92	51	151	79	187
Grunnnám háriðna	53	34	28	18	33
Grunnnám matvæla- og veitingagreina	72	71	82	78	60
Grunnnám málm- og véltæknigreina	152	131	219	141	154
Grunnnám rafiðngreina	424	357	479	430	448
Grunnnám upplýsinga og fjölmiðlagreina	65	63	42	39	23
	957	785	1102	853	965

Nemar í grunnnámi iðngreina og iðnámsbrautum framhaldsskóla á haustönn 2025.

- Samtals voru 5.131 nýnemar innritaðir í framhaldsskóla á haustönn 2025 sem er fjölgun um 454 nema frá haustönn 2024¹.
- Fjölgun nýnema í framhaldsskólum á haustönn 2025 hefur ekki leitt til fjölgunar nema í grunnnámi iðngreina.
- Nemum í grunnnámi iðngreina fækkar á milli ára, eru samtals 965 á haustönn 2025 en voru 1102 á haustönn 2024.
- Nemum á iðnnámsbrautum framhaldsskóla fjölgar, voru 3.661 á haustönn 2024 en eru 3.843 á haustönn 2025.
- Heildarfjöldi nema í grunnnámi og á iðnnámsbrautum er nánast sá sami á milli haustannar 2024 og haustannar 2025. Fjölgar um 1% á milli ára.
- Konum fækkar í grunnnámi iðngreina á milli haustannar 2024 og haustannar 2025.
- Á haustönn 2025 er meðalaldur nema á grunnnámsbrautum iðngreina 18,5 ár.
- Meðalaldur nema á iðnnámsbrautum á haustönn 2025 er 24.9 ár.
- Hlutfall karla á iðnnámsbrautum á haustönn 2025 er 83,6%, hlutfall kvenna 16,2% og 0,1% eru ekki með skráð kyn.

¹ Sjá <https://island.is/frett/allir-nynemar-komnir-med-plass-i-framhaldsskola-innritun-lokid-fyrr-en-adur>